

Góðir hlutir að gerast í Hörpu

Skýrsla forstjóra 2019

Formaður stjórnar dró upp mynd af stóru viðfangsefnunum og áhugaverðum tækifærum sem framundan eru hjá Hörpu. Ég mun nú fylgja því eftir með yfirferð um ársreikninginn og fjalla einnig nánar um nokkra helstu þætti starfseminnar á liðnu ári.



Ársreikningurinn sem liggur hér frammi til samþykktar inniber samstæðuna Hörpu ohf. þ.e. móðurfélagið Hörpu og dótturfélögin þrjú sem eru Greiðslumiðlunin Hringur ehf. sem er í 100% eigu Hörpu og er tilgangur þess félags að taka á móti óskilyrtu framlagi eigenda, þ.e. íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar vegna byggingar og fjármögnunar á húsi og búnaði og greiða afborganir og vexti af skuldabréfaflokknum HARP 46 0217. Hin félögin eru Rekstrarfélagið Stæði slhf. sem sér um rekstur á bílastæðahúsi Hörpu og er 77,1% í eigu Hörpu á móti 22,9% hlutdeild Bílastæðasjóðs og loks Rekstrarfélagið

Hörpustrengir ehf. sem sér um skipulagningu viðburða á vegum hússins og er í 100% eigu Hörpu.

Það er rétt að byrja á því að vekja athygli á að áritun endurskoðenda er fyrirvaralaus en með ábendingu sem er eftirfarandi:

Við viljum vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu nr. 13 þar sem fjallað er um fjárhagslega stöðu samstæðunnar og framsetningu samstæðuársreikningsins. Eins og fram kemur í þessari tilvitnaðri skýringu telja stjórnendur bókfært verð eigin fjár samstæðunnar verulega vanmetið þar sem raunverulegar eignir komi ekki allar fram í efnahagsreikningi. Byggt á þeim atriðum sem koma fram í tilvitnaðri skýringu, gerum við ekki fyrirvara í áliti okkar vegna þessa.

Í skýringu 13 er því stillt upp hvaða áhrif breytt reikningsskil hefðu og telja stjórn og stjórnendur Hörpu – líkt og formaður rakti hér áðan - að sú framsetning gefi gleggri mynd af

efnahag og rekstri félagsins. Í þessu sambandi vísa ég einnig í fyrirvara Vilhjálms Egilssonar, varaformanns stjórnar, sem fylgir skýrslu stjórnar og fjallar um sama efni.

Varðandi rekstrarhæfi félagsins til ársloka 2019 þá er það staðfest í ljósi þess að eigendur leggja til 450 milljón króna framlag sem innt verður af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Rekstrarreikningur

Tekjur

Tekjur af starfsemi samstæðunnar voru nokkurn veginn á pari á milli ára, námu tæpum 1.172 milljónum og hækkuðu um 10 milljónir króna. Rekstur Hörpu er kvikur og á milli ára getur munað talsvert um reglulega viðburði, sem eru haldnir annað hvort ár eða mjög stóra, staka alþjóðlega viðburði. Harpa fór ekki varhluta af breytingum og áskorunum í rekstrarumhverfi íslenskrar ferðaþjónustu og við sjáum hvernig sterk króna og hækkandi verðlag getur dregið merkjanlega úr kaupmætti ferðamanna og jafnvel fjölda erlendra ráðstefnuviðburða. Það segir þó skýra sögu að tekjur af útleigu hækkuðu á milli ára þrátt fyrir talsverða fækkun viðburða í ýmsum flokkum eins og við sjáum betur á eftir.

Leigutekjur af föstum samningum við Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna voru nokkurn veginn óbreyttar eða rúmar 179 milljónir króna og vegur þar samningur við SÍ 78%. Tekjur af útleigu sala, tækja og þjónustu vegna tónleika-, ráðstefnuhalds og annarra viðburða jukust um 23 milljónir króna og námu 757 milljónum króna en tekjur vegna rekstrarleyfissamninga stóðu nánast í stað á milli ára.

Með sérstöku 400 milljóna króna framlagi eigenda til rekstrar sem lækkaði um 50 milljónir króna frá árinu áður - voru heildartekjur samstæðunnar alls 1.572 milljónir króna og lækkuðu um 39 milljónir króna eða 2%. Eigendur Hörpu hafa lagt félaginu til aukin framlög frá 2017 og eru þau nú að námunda betur þá stærð sem neikvæð EBITDA samstæðunnar hefur verið á umliðnum árum, mest megnis vegna þunga í kostnaði tengdum fasteigninni, en einnig vegna minni framlegðar af útleigu en lagt var upp með áður en rekstur Hörpu hófst.

Gjöld

Rekstrargjöld Hörpu halda áfram að lækka eða um tæplega 25 milljónir króna á milli ára og voru alls 1.529 milljónir króna.

Þegar horft er á sundurliðun á helstu gjaldaliðum vegur húsnæðiskostnaður þyngst. Fasteignagjöld hækkuðu á milli ára um 25 milljónir, hækkun sem ein og sér þurrkar upp framlegð af fjölda stærri viðburða, og voru þau alls 267 milljónir króna. Hin langa saga um ágreining Hörpu og Þjóðskrár Íslands var rakin í ræðu formanns, í skýrslu stjórnar og skýringu 4 í ársreikningnum og því ekki ástæða til að tíunda hana frekar hér. Annar kostnaður vegna fasteignarinnar óx um rúmar 40 milljónir króna á milli ára og endurspeglar að einhverju leyti hvað stigið var fast á bremsuna árið 2017, en áfram er unnið að því að finna hagkvæmustu

leiðir þegar kemur að rekstri og viðhaldi þessa stóra og fjölsóttá húss. Fyrir liggur að uppsöfnuð viðhaldsþörf er orðið áhyggjuefni og brýnt að lagt sé raunhæft mat á hvers konar fjármögnun þarf til þess að reka og viðhalda viðlíka byggingu.

Launakostnaður Hörpu hélt áfram að lækka á milli ára og nam ásamt launatengdum gjöldum 478 milljónum króna. Þetta er lækkun um 37 milljónir króna eða 7,2%. Hluti skýringar er breytt verklag og áframhaldandi hagræðingaraðgerðir en einnig komu aðrir þættir til s.s. ólaunuð leyfi og aukin vinna verktaka í stað fastra starfsmanna við viðburði. 111 voru á launaskrá sem er fækkun um sex og fækkar stöðugildum einnig um sex og voru þau 44. Kynjaskipting starfsmanna Hörpu er í jafnvægi. Fastráðnir starfsmenn skiptust í 18 konur og 20 karla og starfsfólk í hlutastarfi í 37 konur og 21 karl.

Laun, þóknarir og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 31,2 milljónum króna 2018 samanborið við 29,2 milljónir króna árið 2017. Þetta er hækkun sem nemur 6,8 %. Þar af voru laun og launatengd gjöld vegna forstjóra 21,9 milljónir króna samanborið við 20,4 milljónir króna árið 2017. Samstæðan hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur og seta í stjórnnum dótturfélaga er ekki launuð sérstaklega.

Aðkeypt þjónusta var í heild um 302 milljónir króna og hækkaði lítillega vegna viðburða og skammtímaleigu. Sá kostnaðarliður nam 247 milljónum. Við höldum áfram að ná árangri í að lækka annan rekstrarkostnað sem var 153 milljónir króna og lækkaði á milli ára um rúmar 71 milljón króna 32%.

Samantekt á rekstrarreikningi

Til að draga saman helstu þætti varðandi reksturinn þá náðist það markmið annað árið í röð að skila jákvæðri EBITDA þrátt fyrir ýmsar áskoranir sem hér hafa verið raktar. Bætingin nam um 35 milljónum króna á milli ára því framlegð af kjarnastarfsemi er orðin jákvæðari og umbætur í rekstri Hörpu halda áfram að skila árangri. Án rekstrarframlaga eigenda námu gjöld samstæðunnar umfram rekstrartekjur alls 358 milljónum króna á móti 393 milljónum króna árið 2017.

Með framlagi eigenda til rekstrar varð rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) 42,2 milljónir króna en árið á undan var EBITDA eftir að endurgreiðsla ofgreiddra fasteignagjalda hafði verið leiðrétt, jákvæð um 56,5 milljónir króna.

Þegar horft á afkomuna eftir afskriftir, sem eru 323 milljónir króna, þá dregur úr bókfærðu tapi en eftir fjármagnsgjöld og framlag eigenda til endurgreiðslu á skuldabréfi vegna byggingar og búnaðar, verður bókfært tap ársins 461 milljón króna og nánast tvöfaldast frá fyrra ári þrátt fyrir jákvæða EBITDA.

Formaður fór yfir helstu skýringar á þessu tapi í sinni ræðu. Verðbætur sem færast á höfuðstól skuldabréfalánsins vegna byggingar Hörpu eru færðar inn í rekstrarreikning samstæðunnar. Þessi færsla hækkaði um um 293 milljónir króna á milli ára vegna aukinnar verðbólgu en árleg afborgun eigenda af láninu hækkaði um tæpar 27 milljónir króna. Mismunurinn að fjárhæð 266 milljónir króna er bókfærður sem tap Hörpu. Sú mynd sem dregin er upp í skýringu 13 sýnir glögggt hvað við er að etja og hvernig mætti bregðast við því.

Efnahagur

Það var ekki mikil breyting á efnahagsreikningi Hörpu á milli ára. Fjárfestingar í eignfærðum búnaði var óveruleg vegna þröngrar rekstrarstöðu félagsins eða aðeins 23,9 milljónir króna og endurspeglar þessi takmarkaða geta til endurfjárfestinga verulega ógn í rekstri Hörpu. Fastafjármunir samstæðunnar voru í árslok að verðmæti 18.9 milljarðar og skiptast þannig að um 16.8 milljarðar eru vegna fasteignarinnar og 2.3 milljarðar vegna búnaðar og tækja.

Breytingar á veltufjármunum á milli ára er óveruleg og handbært fé í árslok var 611 milljónir króna.

Eignir samstæðunnar stóðu því í árslok í rúmum 19.9 milljörðum króna.

Eigið fé samstæðunnar var neikvætt um 509 milljónir króna til samanburðar við neikvæða stöðu upp á 47,5 milljónir króna í árslok 2017 en þá höfðu ofgreidd fasteignagjöld verði leiðrétt með því að færa afturvirktt yfir eigið fé.

Skuldir samstæðunnar standa í tæpum 20.4 milljörðum króna í árslok. Þar af eru rúmir 19.3 milljarðar vegna langtímaskulda í tengslum við fjármögnun byggingar Hörpu eins og áður hefur verið rakið. Eigið fé og skuldir Hörpu ohf voru samtals þannig 19.9 milljarðar króna.

Starfsemin

Þrátt fyrir margvíslegar áskoranir í rekstrinum er starfsemin í Hörpu kraftmikil og fjölbreytt. Húsið er opið frá morgni til miðnættis 364 daga á ári. Fjöldi heimsóknna í Hörpu var rúmlega tvær milljónir og voru erlendir ferðamenn fjölmennir líkt og áður, en áðurnefndur samdráttur í kaupmætti erlendra gesta leiddi þó til umtalvert minna framboðs hjá þeim sem voru með ferðamannatengda viðburði í Hörpu.

Viðburðirnir á síðasta ári voru hálf túsund þúsund en þeim fækkar eftir metárið 2017.

Munurinn liggur m.a. í því að Listahátíðin Norður og niður með 40 viðburðum var haldin 2017 ásamt RMM hátíðinni, Jazzhátíð Reykjavíkur og meira umfangi Myrkra músíkdaga það ár – svo það helsta sé nefnt á vettvangi tónlistarinnar sem breyttist á milli ára. Fækkun viðburða á mótum hærrí tekjum af útleigu þýðir einnig að Harpa var að ná árangri í að auka framlegð af viðburðahaldi og að einhverju leyti fækkar þeim viðburðum sem hafa minnsta framlegð. Hvort það er svo endilega jákvætt er hins vegar menningarpólitísk spurning sem þarf að svara.

Sinfóníuhljómsveit Íslands var með 100 viðburði á síðasta ári og er lang stærsti einstaki viðburðahaldarinn í húsinu. Íslenska óperan, sem einnig á sitt fasta aðsetur í Hörpu, var með 15 viðburði. Aðrir tónleikar og listviðburðir voru 408 talsins en til viðbótar voru haldnar 254 sýningar og tónleikar fyrir ferðamenn og hér sést glöggt hvernig sá fjöldi minnkar á milli ára.

Svokallaðir MICE viðburðir eða ráðstefnur, fundir, veislur og tengdir viðburðir voru einnig 408. Sérstakar kynningarferðir um húsið, sem teljast inni í heildarfjölda viðburða voru 186. En fyrir utan þetta voru farnar 1011 almennar leiðsagnir um húsið og um boðið upp á 2000 sýningar á kynningarmynd um íslenska náttúru og menningu í EXPO skálanum.

Og það er gaman að rýna enn nánar í þessar tölur – ekki síst í samhengi við það hlutverk sem Harpa var byggð til að uppfylla – að vera „heimavöllur íslensks tónlistarlífs og heimssvið fyrir alþjóðlega strauma“ eins og segir í nýrri stefnumótun Hörpu.

Ef við horfum á skiptinguna á milli ólíkra tegunda tónlistar sést að flokkurinn sígild og samtímatónlist nemur fjórðungi. Þegar vægi viðburða Sinfóníuhljómsveitarinnar um 22% og Íslensku óperunnar 3% leggst við er í raun helmingur alls tónleikahalds í húsinu á þessu sviði. Popp og rokk eiga 23% hlutdeild eða um 108 viðburði, jazzinn kemur þar næst með 13% eða 59 viðburði og er Jazzklúbburinn Múlinn þar kraftmestur. Kórtónleikar, lúðrasveitir – þar sem Stórsveit Reykjavíkur flokkast með, og uppistand eru svo 2 – 7% af heildinni. Samstarfið við þessa fjölmörgu listamenn og tónleikahaldara hefur verið afar gott og við erum stolt af því að Harpa sé vettvangur þessarar ótrúlegu fjölbreytni og gæða á sviði tónlistar.

Harpa er einnig ráðstefnuhús á heimsælikvarða og hér voru haldnir 160 fundir, 105 veislur, 76 ráðstefnur og 5 útskriftir háskóla og framhaldsskóla – svo það helsta sé til talið - því Harpa er húsið sem þjóðin vill koma í til að fagna mikilvægum áföngum í lífinu.

Harpa stóð fyrir eigin viðburðum og samstarfsverkefnum þar sem helst telja Budapest Festival Orchestra og St. Petersburg Ballet. Að auki studdi Harpa með einum eða öðrum hætti við fjölmörg barnamenningarverkefni, tónlistarviðburði og samfélagsleg verkefni í samræmi við áherslur í eigendastefnu félagsins.

Harpa er ávallt á heimsælikvarða

Líkt og við greindum frá á þessum vettvangi fyrir réttu ári þá vitum við að Harpa er sannarlega húsið okkar – hús þjóðarinnar. MMR gerði könnun á landsvísu fyrir Hörpu og taka niðurstöðurnar af öll tvímæli um þetta. 86% þjóðarinnar hefur komið í Hörpu og 81% hafa komið á pásíðustu 12 mánuðum. Við munum halda áfram að gera sambærilegar kannanir til að mæla nýtingu hússins og hlusta grannt eftir skoðunum landsmanna sem eru eigendur Hörpu.

Starfsfólk Hörpu lagði sig fram á síðasta ári um að bæta kjarnarekstur félagsins og því höldum við áfram að ná sýnilegum árangri. Óþrjótandi tækifæri eru í sókn á grundvelli nýrrar stefnumótunar og munum við nú fylgja þeim áherslum vel eftir um leið og við höldum okkur við efnið í hagræðingar-vinnunni. Líkt og formaður nefndi hefur verið gott samtal í gangi við fulltrúa eigenda Hörpu – ríki og Reykjavíkurborg - um ýmis úrbótamál en nú er runninn upp sú stund að horfast verður í augu við að óbreyttur grundvöllur og rekstrarmódel þessa húss gengur ekki upp. Vonandi mun samstillt vinna næstu vikna og mánaða leiða til þess að menningarleg markmið eigendastefnu verði fjármögnuð á fullnægjandi og gegnsæjan hátt. Jafnframt er nauðsynlegt að skilgreina betur hvað felst í því hlutverki Hörpu að vera fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna í höfuðborginni og síðast en ekki síst að tekið verði á gríðarlega íþyngjandi kostnaði við fasteignina og tryggt verði að hægt sé að sinna eðlilegu viðhald á þessu verðmæta listaverki og menningarharta í eigu þjóðarinnar.

Það fyrirkomulag sem Harpa býr við er nefnilega algjörlega óþekkt hvort sem litið er til samanburðar innanlands eða alþjóðlega.

En Harpa býr hins vegar afar vel að því að njóta krafta frábærs starfsfólks. Það hefur á umliðnum árum sýnt í verki mikla fagmennsku og helgun gagnvart Hörpu og eru það frumforsendur þess að hér sé hægt að halda hátt á annað þúsund glæsilega viðburði á ári hverju. Liður í nýju stefnumótuninni er að draga fram skýrar áherslur í stjórnun og rekstri – en þær eru:

Notendamiðuð nálgun, ábyrgur rekstur, eftirsóttur vinnustaður og fagmennska og gæði.

Við viljum m.a. stuðla að því að starfsfólk hafi ríkt tilefni til að vera stolt af því að starfa í Hörpu og sé metnaðarfullt fyrir hönd hússins, að Harpa sé fyrsti kostur þeirra sem hafa áhuga á að starfa í skapandi, faglegu, menningartengdu umhverfi og að þjónusta í Hörpu sé framúrskarandi og til eftirbreytni.

Ég vil að lokum þakka stjórn Hörpu – og þá ekki síst Þórði Sverrissyni, sem nú hverfur að öðrum verkum - afar gott samstarf, aðhald og hvatningu á liðnu ári.


Það eru góðir hlutir að gerast í Hörpu - framundan eru spennandi tímar og sóknarhugur svífur yfir vötnum.

Reykjavík 9. apríl 2019


Svanhildur Konráðsdóttir
forstjóri Hörpu

Viðauki við skýrslu forstjóra.


REKSTRARTEKJUR 2018



REKSTRARGJÖLD 2018



REKSTRARTEKJUR HÖRPU FRÁ OPNUN (m.kr.)



SKATTASPOR HÖRPU 2018

